



Lífgeislar

Tímarit um lífssambönd við aðrar stjörnur

10. tbl. Des. 1976

Að koma framsókn mannkynsins í hið rétta horf, það er hlutverk
íslensku þjóðarinnar.

Helgi Pjeturss

Vetrarbrautahvirving í hári Bereníku

(COMA BERENICES).

(Sjá forsíðumynd)

Þessi vetrarbrautahvirving inniheldur aðeins hringlaga og sporöskjulaga vetrarbrautir. Á þessari mynd sést aðeins miðja þyrpingarinnar, og er þar ein mjög stór vetrarbraut yfirgnæfandi.

Það er einkennandi við hringlaga og sporöskjulaga vetrarbrautir að í þeim finnast ekki ungar sólstjörnur, engir bláir risar, lítið sem ekkert geimryk skyggir á útsýnið milli stjarna. Stjörnur slíkra vetrarbrauta eru jafnt dreifðar um kjarna og kringlu stjörnuhverfisins, og mynda ekki arma eða aðrar þéttingar á einum stað öðrum fremur. Slíkar vetrarbrautir eru taldar eldri en þyrilpokur eins og okkar vetrarbraut og aðrar slíkar. Í þeim hefur lífið haft enn lengri tíma til að þróast, og má vel gera ráð fyrir, að þar sé lífið komið á enn hærra þroskastig en í yngri vetrarbrautum.

Tiltölulega fáir munu gera sér grein fyrir því að lífsambönd eigi sér stað milli stjarna og jafnvel enn margfalt fjarlægari vetrarbrauta. En þó má telja alveg víst að svo sé. Þá vegalengd sem ljósgeislinn fer á árum og áramiljónum, fer lífgeislinn á örskotsstund. Þar sem lífið er komið á sanna framfarabraut verða engar fjarlægðir til hindrunar, og algengar munu vera heimsóknir hinna lengra komnu milli stjarna og milli vetrarbrauta.

Jarðarbúar þurfa sem fyrst að geta orðið þátttakendur í lífgeislasamböndum alheimsins, meira en enn hefur verið, ef farsæl framtíð á að geta orðið.

Ingvar Agnarsson.

Heimild: La Nouvelle Astronomie eftir Jean-Claude Pecker.

Erindi og greinar

ÍSLENZKT STJÖRNUSAMBAND UM 1600

Árið 1634 kom út í Frankfurt á Þýzkalandi bók, sem bar nafnið: *Draumur, eða stjörnufræði tunglsins*. Sonur höfundarins gaf bókina út að honum látnum, en höfundurinn var enginn annar en Jóhannes Kepler, stjörnuvitringurinn mikli, sem fann að brautir jarðstjarnanna um sólu eru sporbaugar, og sannaði þar með kenningu Kóperniks um hreyfingu jarðarinnar. En Kepler lagði ásamt Galíleo undirstöðuna að verki Newtons, og eru þessir fjórir menn oft nefndir sem frumkvöðlar hinna nýrri vísinda á Vesturlöndum, ásamt Brúnó sem lagði til heildarskilninginn eða heimspekina, og Huygens sem færði eðlisfræðina undir ljós þessa skilnings.

— Það kann nú að virðast undarlegt, að bók eftir stjörnufræðing um stjörnufræðilegt efni skuli bera nafnið *Draumur*, og enn furðulegra þegar þess er gætt að það var einmitt draumafnið sem átti eftir að reynast höfundu hennar hættulegast meðan hann lifði og meðan efni hennar gekk aðeins óprentað um í handriti. Á þessum árum gengu ægilegar galdraofsóknir yfir Frakkland og Þýzkaland, og varð Kepler að standa í harðri baráttu um tíma til þess að bjarga móður sinni undan galdradómurunum. En þessi ofsókn stafaði einmitt af ýmsum kvittum og sögusögnum sem myndast höfðu út frá hinni merkilegu óprentuðu bók um stjörnufræðilegan draum, sem Kepler hafði dreymt. Árið 1608 var það sem Kepler dreymdi drauminn. Var hann þá keisaralegur stjörnufræðingur hjá Rúdólf II í Prag, og bjó víst við heldur skárri kjör en oft áður og síðar. Rúdólf keisari hafði áhuga á tunglinu — þetta var rétt áður en sjónaukinn fanst — og var hugfanginn af þeirri hugmynd að ójöfnurnar á tunglinu væru endurspeglun af landskipun jarðarinnar. Þetta ber reyndar vott um dálítið merkilegt hugarflug hjá keisara, þótt ekki sé það rétt, og ekki mun Kepler hafa stutt þessa skoðun. En svo er það einn góðan veðurdag að

Kepler situr yfir bókum sínum og sígur þá yfir hann höfgi, svo hann sofnar og dreymir þá að hann sé að lesa í bók, sem hófst á þessa leið:

„Dúrakot er ég nefndur, og fæddur er ég á Íslandi, því landi sem fornir menn nefndu Thule. Móðir mín nefndist Fjölhildur (Fíolxhildis). Er hún nýlega látin og hafði áður leyft mér að fara að skrifa, en til þess hafði ég ríka löngun. Það sem aftraði móður minni að leyfa það var að hún taldi að margir lærðir menn færu illa með þekkingu sína, og notuðu hana meðal annars til að setja lög, sem skaðleg væri allri lýða kind, og af völdum slíkra laga hefðu ekki ófáir orðið eldi og ógnum fjallsins Heklu að bráð. Aldrei sagði hún mér nafn föður míns, en sagði hann hafa verið fiskimann, og hafa dáið í elli sinni á sextánda öld, þegar ég var þriggja ára að aldri, og höfðu þau þá lifað saman í hjónabandi í sautján ár eða einu betur eða skemur.“ Dúrakot rekur síðan ævi-sögu sína í stuttu máli, og er þar allt merkilegast hve nákvæmlega henni ber saman við íslenska sögu þessara tíma. Hann segir frá því hvernig hann kemst í hendur kaupmanna sem eru á leið til Noregs og Danmerkur, en þegar þeir eru búnir til siglingar, kemur maður ríðandi og biður fyrir bréf frá biskupi til Tychos Brahe stjörnufræðings í Danmörku. En Oddur Einarsson Skálholtsbiskup (Oddur inn hávi) hafði verið við nám hjá Tycho í æsku sinni, og er í bók Keplers víða vitnað til athugana íslensku biskupanna, Odds og Guðbrands, sem báðir voru lærðir í stjörnufræði.¹⁾ Þegar kaup-

¹⁾ Í erfidrápu um Guðbrand biskup segir Magnús Ólafsson, skáld í Laufási, þetta

Forskilinn hefur farveg sólar
fyrstr, af bókum stjörnulistar,
uppveitningu einkum rétta
innt *norðhjara* á vorri jörðu.

Þessi „*uppveitning norðhjara*“ sem sautjándu aldar skáldið talar um, er það sem stjörnufræðingar kalla *pólhæð*, en það er hornið milli sjóndeildarhrings og himinpólsins (nærri pólstjörnu) en það er allstaðar sama gráðutala og landfræðilegt breiddarstig staðarins. — Á námsárum sínum í Kaupmannahöfn smíðaði Guðbrandur himinlíkan eitt frábærlega fagurt:

„frekt að verki dáðist doktor
drjúgum hrærðr og sýndi lærðum,“

segir Magnús skáld. Oddur biskup mun ekki hafa verið síðri stjörnufræðingur en Guðbrandur: Kepler og Brúnó hefðu vissulega átt erindi til Íslands um 1590.

menn koma við eyna Hveðn í Eyrarsundi, senda þeir Dúrakot á land upp með bréfið til Tychos. En honum þykir svo vænt um að fá bréfið og lízt svo vel á Dúrakot, að hann neitar að láta hann af hendi við skipsmenn og borgar fyrir hann lausnargjald. Setur hann síðan sveina sína til að kenna honum dönsku, og kemst nú Dúrakot til mennta og virðingar, sérstaklega í stjörnufræði, og um síðir kemur hann heim til móður sinnar gamallar, sem verður honum ákaflega fegin, því hana hafði iðrað þess að hafa selt hann í hendur kaupmönnum. Kerling vill nú umfram allt fá að læra stjörnufræði, og reynist flugnæm á þau efni, en sonur hennar setur henni það skilyrði á móti, að hún kenni sér allar þær galdralistir, sem hún hafði lengi stundað. Bregzt hún vel við og segir honum þá það, sem mér þykir merkilegast í þessari frásögn, að meðal þess sem frægast sé og ágætast um Íslendinga í samanburði við aðrar þjóðir sé það, að þeir nái öllum öðrum betur sambandi við „vizkuanda“ eða vitsmunaverur „af öðrum heimum“. Telur hún upp fyrir syni sínum níu „höfuðanda“ og sé einn þeirra mildastur og ágætastur að góðu, og sé hann vakinn upp með þeim bókstöfum (21) sem mynda orðin *Astronomia Copernicana* eða *Stjörnufræði Kóperniks*. Kemur nú andinn fram og heimtar að fá Dúrakot til ferðar með sér, og leggja þeir síðan af stað í tunglsferð. Er sagan síðan rakin eftir því sem bar fyrir Dúrakot í þeirri ferð og þó öllu heldur eins og andinn mikli og góði lýsir því. Er sú frásögn nú talin hafa verið hin ágætasta stjörnufræði á sinni tíð og mikill skilningsauki fram yfir það sem þá var, og að ýmsu leyti forboði þess sem Galíleo fann með kíkinum sem hann smíðaði einu eða tveimur árum síðar en draumurinn var dreymdur. Frásögnin af þessu er hjá Kepler á latínu, en hann tekur fram að sjálfur hafi andinn talað íslenzku.

Hvaða skilning er nú hægt að leggja í frásögu eins og þessa? Allir sem þekkja ævi og störf Keplers eru samdóma um frábæra ráðvendni hans. Það virðist því óhætt að ganga að því gefnu að hann hafi í raun og veru dreymt drauminn. — En þó segir hann sumstaðar í athugasemdum sínum við drauminn, sem skrifaðar voru næstu tvo áratugi: ég hef þetta svona, ég kalla móðurina Fiolxhildi, enda hafði ég einhverntíma fyrir löngu séð nafnið Fiolx á gömlu korti af Íslandi, og ég kalla drenginn Dúrakot, það minnir á skozk nöfn, en Skotland er einna næst Íslandi. Ef að er gáð þá rýra þessar hreinskilnislegu athugasemdir Keplers á engan hátt gildi draumsins. Allir sem reynt hafa að athuga drauma sína munu

kannast við það, hve erfitt er stundum að muna þá. En takist manni að tengja draumefnið að einhverju leyti við eigin minningar um leið og vaknað er, eða skapist þau tengsl sjálfkrafa áður en vaknað er, þá verður auðveldara að henda reiður á draumnum, og þó stundum þannig að það er meir þessi tengsl minninganna sem maður man en sjálfur draumurinn. Af þessu er sprottinn sá algengi misskilningur, að draumar séu mest upprifjun eigin minninga. Þegar Kepler les í draumnum sér ókunnugt nafn, sem endar á „hildur“ en byrjar á einhverju F . . ., þá tengist þessi fyrrihluti ósjálfrátt við einhverja íslenska minningu sem hann á í huga sínum, í þessu dæmi orðið „fjolx“ sem hann hafði einhverntíma séð á korti af Íslandi og efalaust hefur átt við einhver „fjöll“. Hefði draumurinn verið enn skýrari og betur gengið að muna hann, er ekki ólíklegt að nafnið hefði skilað sér í alveg réttri mynd.

Þegar þessa er gætt verður ljósara hvernig draumur Keplers er til kominn. Drengurinn Dúrakot (Þorlákur?) hefur verið látinn og í framlífi þegar hann skrifaði frásögn sína af ferðinni til Danmerkur á fund Tycho Brahes. Þessi frásögn er komin á bók þar á „lifandi manna landi“ (Levania) árið 1608 þegar Kepler er að dreyma drauminn, og einhver er að lesa hann á þeirri stundu sem hann sofnar og verður draumgjafi hans þar með.

Draumurinn var tilraun frá annari stjörnu til að vekja athygli á Íslandi og skapa hin réttu sambönd milli Íslendinga og annarra þjóða, í þágu framsóknar vísindanna og mannúðarinnar. Þeirri tilraun varð að vísu ekki framgengt þá — enda hefði þá ekkert þrjátíu-ára-stríð orðið. En í sannleika sagt ber þessi draumur Keplers mjög merkilegt vitni um það forustuhlutverk sem Íslendingum er ætlað í sögu mannkynsins — og undirbúið hefur verið öldum saman af lengra komnum íbúum stjarnheimsins.

Þorsteinn Guðjónsson.

FRÁ JARÐARMÖNNUM.

Ný framvinda er hafin. Stjarnan Jörð er farin að segja sögu sína — með hugsendingum út í geiminn. Þeir sem lesa þessi orð eru beðnir að taka þau ekki til sín heldur beina þeim til hans, sem tekur við þeim, fyrir hugsamband, handan við geimdjúp. Það er hann sem er ávarpaður; þögn ríkir og alvara í huga okkar sem erum þess megnugir að senda.

Pegar þú nemur þessar hugsanir, þó að í brotum verði og hálf-óljósu samhengi fyrst, muntu ekki láta hjá líða að koma þeim á blað og fyrir annarra sjónir. Þú veizt hvernig þér er þetta komið, og þú kannt að athuga vitund þína, því að þú skilur sambandið. Og þó að þú vitir ekki enn hvar í djúpum geimsins hún er þessi stjarna, sem þetta kemur frá, þá getum við sagt þér það strax, að hún nefnist Jörð á máli þeirra sem tala — það merkir jarðvegur með erfiði plægður — og að allur þorri íbúa hnattarins veit ekkert um þetta samband. Þeir hafa lengi ímyndað sér að samband gæti yfirleitt alls ekki átt sér stað, en dálítið hafa þeir verið að gefa sig á því síðustu árin, og því erum við nú farnir að geta sent frá okkur skeyti og látið vita af okkur.

Jörð okkar er mjög sérstæð. Þeir sem hér eru elztir, muna þá tíð, að hér kom fram boðskapur um lífið á stjörnunum og samband alls lífs í alheimi. Höfundur kenningarinnar var frábær vísindamaður og vitmaður, en jafnvel þótt framsetning hans væri snilldarleg, fékk þessi boðskapur hans heldur litlar undirtektir, og yfirleitt því minni, sem meira hefði mátt ætlast til af mönnum, eftir menntun þeirra og aðstöðu. Svo lauk ævi vísindamannsins, að því nær engar horfur virtust á að málefni stjörnu-sambandsins mundi framgengt verða. Aðeins dálítill hópur sjálfstæðra einstaklinga reyndi að taka þarna undir, en enginn tók mark á þeim, og svo leit út sem fenna mundi að fullu í spor hins mikla brautryðjanda.

Það sem undarlegast er við ástandið hér á þessum hnetti er það, að enda þótt hin mikla uppgötvun hafi hér gerð verið fyrir svo löngu þá hjarir hnötturinn enn, í skugga hels og ógna, og þjóðin, sem átti að verða fyrst til að styðja þetta mál, telst enn þjóð, þótt tæpt sé hún komin, og þótt uppgötvunin hafi enga viðurkenningu fengið opinberlega, þá hefur vitneskja um hana samt tekið að breiðast út meðal unga fólksins, og ýmsir veita henni nú meiri athygli en áður.

Þjóðin, sem hér segir af, er einmitt sú, sem fósturað hefur vísindamanninn ágæta, þann sem uppgötvaði samband lífsins í alheimi og ritaði þá heimspeki, sem þar til heyrir.

Lengi hafði þessi þjóð verið fræðarþjóð, unnað fræðum og þekkingu, en þegar kom að því að hún þurfti að gera upp hug sinn gagnvart því, sem mestu varðaði, hikaði hún — og hefur verið að tapa sjálfri sér æ síðan. Hún hefur ekki enn náð hinni réttu stefnu, og sífellt vofir það yfir að hún hætti að líta á sjálfa sig sem þjóð, vegna þess andróðurs sem hafður er í frammí gegn heilbrigðri sjálfsvirðingu hennar.

Þetta undarlega ástand, að allt virðist hér hanga eins og á blábráðum, kemur okkur sem vitum af sambandinu til að trúa því að jörð okkar sé eitthvert alveg sérstakt hlutverk ætlað í samfélagi himnanna, og að allt sé gert sem hægt er til að forða því að hún farist, í þeirri von að ný framvinda geti hafizt hér. En það er sú framvinda sem hefst með því að þessar hugsendingar okkar til þín — og annarra á líku stigi — fara að takast. Það er eins og uppgötvun sú, sem gerð var hér á æskudögum þeirra sem nú eru elztir, sé svo mikilvæg, að hún verði að vera rót og upphaf samskonar framfara á milljónum skyldra hnatta í alheimi. Það er eins og uppgötvun þessa jarðneska lífsfrömuðar hafi verið einhver sérstakur frumleiki í framvindu alheimsins, eitthvað sem ekki hafði áður gerzt á þann hátt í þeim tilveruhring frumlífs-hnatta sem bjarga þurfti.

Sól er lagt á lofti í suðri hvern dag um þessar mundir, og segir það þér undireins nokkra sögu um hnattstöðu lands þess, sem við heimildarmenn þínir byggjum, og glegggra verður þetta ef þú veizt að jörðin hallar nú möndli sínum um fjórðung frá hornréttri stefnu við jarðarbraut. Jörðin okkar er hin þriðja reiki-stjarna frá sólu, og sólin er gulhvít sól af meðalstærð.

En um nætur skína stjörnur yfir landinu, og á einhverri þeirra ert þú sem þiggur þessa þanka frá okkur Jarðarbyggjum, og þú munt hafa þá til þess að bæta stöðuna meðal þinna samstirninga. Þú getur sagt þeim, að við byggjum sævi kringt og snævi krýnt land, þar sem grasið er grænna en annarsstaðar á þessum hnetti og loftið enn nokkuð tært, þrátt fyrir ákveðnar ráðagerðir um að menga það. Þú getur líka sagt þeim, að það sem þeir óttast mest á þessari jörð, sé sjálfstæð hugsun og óumflýjanlegar álykt-anir — um eðli lífs og hugsunar og um líf eftir dauðann.

Þú getur líka sagt þeim, að mörgum hafi þótt vænt um þetta

land, og þó að ástin geti kulnað, þegar lífinu hrakar, þá er enn von um þetta land og þann stofn, sem hér hefur byggt og búið í nær fjörutíu ættliði. Hvað örðugleikana snertir og hætturnar, þá munt þú skilja bezt hvers eðlis þær eru. Þær eru nokkurnveginn nákvæm eftirmynd þess sem þú færð að reyna þar sem þú ert. Hugarfarsbreytingu er ekki auðvelt að koma fram á stjörnum eins og þeim sem við byggjum. Hér á jörð er mikið um rótgróna hleypidóma að ræða, bæði í trúarlegum og stjórnmálalegum efnum, — og í vísindum hafa þeir yfirleitt forðast að koma nálægt eðli lífsins og krafti lífsins. En nú er þrátt fyrir allt að komast hreyfing á hugi manna. Ýmis tíðindi gerast, bæði í þessu landi og öðrum, sem gætu orðið til að greiða fyrir því að starfið að því að koma hinni miklu uppötvun á framfæri, fari að takast betur og betur. Frá hinum nýju tíðindum reynum við að segja hér í öðrum skeytum.

En eitt er það þó sem ég má ekki biða með að segja þér, og það eru tíðindin af biskupinum.

Þú þekkir trúarbrögð, samband þeirra við hið mikla málefni okkar og þýðingu þeirra í sögu þjóða. Hér hafa verið og eru enn trúarbrögð, og þótt margir gerist efasamir eða blandist hugur um þau mál eiga þau jafnan nokkur ítök á einn og annan hátt, og hljóta að gera, þangað til úr greiðist. Yfirmaður landstrúarinnar nefnist biskup, og hafa menn haldið að hann yrði í síðasta lagi til að taka undir hina nýju þekkingu. Menn vissu að hann hafði einhverntíma í æsku eitthvað gefið sig við þessum fræðum, en síðan snúið við blaðinu og tekið að gefa sig við trúmálum. En fráhrvarfsmenn eru löngum andsnúnastir því sem þeir hverfa frá!

En nú fyrir nokkrum dögum gerist það, þegar markað var af nýtt ár hér hjá okkur, að biskup stígur í stólinn og heldur ræðu, þar sem hann talar um líf á öðrum hnöttum, vitsmunaverur á öðrum hnöttum og líkur á framhaldi lífsins á öðrum hnöttum. Þessi orð biskupsins þykir mér öruggari fyrirboði aldaskiptanna en flest annað sem fram hefur náð að koma að undanfögnu, og þætti mér nú fróðlegt að vita hvort nokkuð álíka hefur gerzt á þinni jörð nú nýlega.

— — —
Þú veizt það eins vel og ég, hvernig þeir eru hérna. Þögnin er látin gæta allra dyra. Ég er ekki að ásaka þá. En eitt er það, sem þeir sjá ekki við. Þeir eru sjálfir háðir stilliáhrifum. Þeim hefur tekizt að girða fyrir það í sextíu ár, að kenningin bærizt

út úr landinu. En nú er hún að byrja að gera það, og við það batna stilliáhrifin. Haustið hefur verið undursamlega gott. Og smám saman eflist hugsunin til rétrar áttar. Góðir lesendur erlendis stilla til ályktunarhæfileika og góðrar dómgreindar hér heima fyrir, en það býður aftur hinum réttu samböndum heim. Og þú veizt hvað það þýðir. Einn góðan veðurdag munt þú geta „talað í gegn“ sagt glögg deili á þér og þínu umhverfi og sögu þess, og snúið málum til rétrar áttar með skjótum og öruggum hætti.

Jarðarfréttir.

Það er af þessari Jörð að segja, að jafnframt því sem þekkingu á sambandi lífsins er býsna skammt komið í ríkjandi vísindum, þá er af töluverðu kappi leitað eftir vitneskju um líf á öðrum reikistjörnum þessa sólkerfis. Geimferðum á tæknistigi hefur fleygt fram á undanfórnum tveim áratugum, og hefur þar mörgu verið áorkað, sem furðulegt hefði þótt áður að tala um. Næsta reikistjarna utan við þessa, sem við byggjum, hefur lengi þótt einna líklegust sem heimkynni lífsins, af hinum næstu nágrönnum í geimnum, og nú er svo komið að nokkur geimför frá jörðinni hafa þar ýmist lent eða sólað umhverfis.

Á Jörðu hefur mikil barátta verið háð milli þeirra sem vilja vita hvort líf er á öðrum stjörnum og þeirra sem ekki vilja neitt af því vita að líf sé annarstaðar. Það er nú ljóst orðið, að á reikistjörnunni næstu utanvert við okkur, sem er minni en jörðin og rauð mjög af járnsamböndum og súrefnis, eru skilyrði til lífs og þar með líkurnar á lífi stórum meiri en vísindamenn vildu áður telja. Rannsóknatæki á yfirborði þeirrar plánetu senda nú í sífellu skeyti sín til Jarðar, og lesa vísindamenn úr þeim skeytum eftir aðferðum sínum. Einn þeirra segir nú alveg nýlega:

„Þær rannsóknir sem gerðar voru með Viking geimförunum, sem skotið var þangað í sumar sem leið (þ. e. lentu þar þá) sýna, að á hnettinum eru smásæis-lífverur (örverur), sem nærast og hvílast með ákveðnu millibili.

„Ég hafði haldið, að erfitt yrði að greina líf með þeim tækjabúnaði, sem við höfðum yfir að ráða, — segir dr. Soffen, — en þar hafði ég rangt fyrir mér. Það er eitthvað mjög merkilegt, sem á sér stað þarna, eitthvað sem við skiljum ekki. Það er furðulegt, að engar leifar finnast af þessum verum þegar þær deyja, gagnstætt því sem gildir um allar lífverur á Jörðu.“ — Vísindamaður-

inn rekur síðan ýmsar þær tilgátur, sem hann segir hafa komið fram um þetta, en að lokum segir hann að rannsóknastofnun sín hafi ekki viljað gefa út neina opinbera yfirlýsingu. „Meðan við skiljum ekki hvað það er sem á sér stað þarna á þessum hnetti í geimnum, munum við naumast láta fara frá okkur neinar yfirlýsingar.“

Hversvegna erum við að segja þér þetta, ó stjörnuþú, sem veizt þetta allt svo miklu betur en við. Það er af því að við þekkjum allt okkar heimafólk. Við þekkjum það, og vitum hvernig það er. Og samt eru málin að þokast áfram. Þú veizt það vel og getur sagt okkur, að þar sem samstilling er, skilja lífverur jafnvel ekki nema brot af jarðefnum sínum eftir, þegar þær flytjast á aðra jörð. En þetta geta þeir hér ekki meðtekið nema smám saman. Þess er óskandi, að þessi miklu sannindi sem þeir hafa þarna komið í námunda við að uppgötva, á rauðu stjörnunni utanvert við okkur, verði þeim ekki svo mjög ofurefli, að það dragi úr þeim að skýra frá því, að líf hefur þarna í raun og veru fundizt.

Jarðarfréttir enn.

Á landinu sævi kringda og jöklum krýnda gerast nú tíðindi hvert af öðrum. Mörg eru viðsjárverð eða ískyggileg en önnur gefa fyrirheit. Einna athyglisverðast er það að nú sjá menn himinsýnir hver af öðrum. Kona stóð úti í Örfirisey og var að horfa eftir manni sínum sem er skipstjóri, og sá hún þá eitthvað sem líktist flugfari yfir sundunum. Sýnin stóð í 20 mínútur og breyttist ekki þótt hún lokaði augunum eða sneri sér í hring. Fyrir-bærið „rásaði fram og til baka“ yfir sundinu milli Engeyjar og Örfiriseyjar og var næst henni í eitthvað 100—200 metra fjarlægð. „Þegar hann nálgadist varð hann ljósrauður og ég sá greinilega að ljós var inni í þessum furðuhlut, sem var nákvæmlega eins og þær myndir sem maður hefur séð af fljúgandi diskum.“

Þessi sýn var séð þ. 12. desember, þ. e. um það bil 1½ tungl-mánuði áður en lesendur sjá þetta blað. En síðan hefur sýnum fjölgað með ólíkindum og meðal þess sem styrkti málstað þeirra var það, að virtur flugmaður og áhöfn hans sá eitt slíkt framundan sér á mjög vandaðan viðskyggni (radar) og sást í eina mínútu. Náttúrlega skildi hann ekkert í því að fyrirbærið virtist fara með margföldum hljóðhraða, en hann sagði frá þessu í fréttafæri þeim, sem nefnist sjónvarp, og jók þetta mjög traust manna á sannleiksgildi slíkra hluta. En það skapaði aftur skilyrði fyrir meira að-

streymi og þarmeð fleiri líkamningum og sýnum af þessu tagi.

Hvert okkur ber er óvíst að vita. En víst er um það að sýnir þessar eru allar, sem hingað til hefur verið frá sagt hér, af góðkynjuðum uppruna. Ef menn hafa þrek til að horfast á við þau og skilja hvers eðlis þau eru og að það er koma gesta frá öðrum jarðstjörnum sem þau boða — þá munu afleiðingar þessa eingöngu verða bættur skilningur og aukið samband við hnetti þar sem skilningur og góð sambönd ríkja.

Jarðarbygggi.

M Y R —

Spakmæli og snilliorð úr ljóðum Þorsteins Jónssonar á Úlfsstöðum

Í öldudali orkan hrunda safnast
til endurriss og vaxtar fram á leið.

Í alheimsdjúpi ekkert takmark lokar

En hver sem öðrum skugga skapar
að skugga verður, hreinleik tapar.

Orsök lagði leið til atviks.

Það kyrkir vöxtinn og krækjar
að krossfesta sína þrá.

Hvert líf það er minning sem minnist

Þann allir smá, sá aleinn fer,
sem öllu vægir, nema sér.

Hlutdrægninni heimskra dómar lúta.

Sá, sem veit einungis annarra sorg
loks allsstaðar sigrandi fer.

UM FÓRNARDÝR VÍSINDANNA

(Frambald úr 9. töl.)

IV Para- og Pseudo-læknisfræðileg not.

1. Vopnprófanir.

Sú notkun dýra, sem mest leynd hvílir yfir, er prófanir á vopnum, geislavirkni, ýmsum efnum til hernaðar og því um líku.

Eftir síðara heimsstríð létu þúsundir dýra lífið við tilraunasprenningar á amerískum og breskum atóm- og vetnissprengjum. Sum dóu snögglega, en önnur á löngum tíma vegna hinna hægvirku og hryllilegu áhrifa geislavirkinnar.

Mörgum dýrum er enn skotið út í geiminn, þar sem þau eru látin deyja.


Sumar vopnprófanir breyta eiga sér stað utan Bretlands. Hvort þetta er vegna þess, að tilraunirnar eru svo grimmdarlegar, að erfitt sé að fá leyfi fyrir þeim eða af einhverjum öðrum orsökum er óvíst.

Það virðist sérlega óréttlátt, að dýr skuli verða saklaus fórnarlömb útrýmingarárættu mannskepnunnar. Alltaf má bera því við, að þarna sé um að ræða prófanir, sem hafi gildi fyrir varnir landsins eða jafnvel læknisfræðilegt gildi. En svona rök fela ekki í sér sannleikann, nema að mjög litlu leyti, því það er sama, hvaða forsendur einhver einstakur rannsóknarmaður gefur fyrir slíkum tilraunum, niðurstöður hans eru til reiðu fyrir vísindamenn, sem hafa árásarstríð í huga. Þær þjáningar, sem mannskepnan bakar sjálfri sér í stríðum eru algjörlega á eigin ábyrgð, og ekki er með neinum hætti hægt að verja siðferðilega, þegar menn baka öðrum tegundum þjáningar við prófanir á slíkum heimatilbúnum hörmungum.

131.994 tilraunir á dýrum voru gerðar árið 1972 af hálfu breska varnarmálaráðuneytisins. Þetta eru um 13% þeirra tilrauna, sem hið opinbera stóð fyrir á því ári.

2. Tannlæknisfræði.

Dýr (alla vega kettir, rottur, hundar og kanínur) hafa í síaukunum mæli verið notuð við tannlæknisfræðilegar tilraunir, enda þótt tennur þeirra séu mjög ólíkar mannstönnum. Borað er í tennur dýranna eða þær fjarlægðar og ígerðir látnar ná sér á strik. Víst er, að tilraunir þessar eru mjög þjáningarfullar — þess utan hafa þær a. m. k. mjög lítið læknisfræðilegt gildi.




MYND 1. — Heildarfjöldi breskra tilrauna, sem fengið var leyfi fyrir. Skyggðu blutarnir tákna það blutfall tilraunanna, þar sem svefnlyf voru notuð.

3. Rannsóknir á sársauka.

Miklar rannsóknir hafa verið gerðar varðandi sársaukaskynið. Það segir sig eiginlega sjálft, að slíkar tilraunir hafa miklar þjáningar í för með sér fyrir tilraunadýrin. Mikill hluti þessara tilrauna virðist ekki hafa neitt læknisfræðilegt gildi. Nokkur dæmi um aðferðir:

1. *Mekanískar stungur og þrýstingur á viðkvæma líkamsbluta.* Skott og tær katta hafa verið sett undir geysilegan þrýsting og sagt í skýrslum, að svörunin hafi verið „að dýrin gáfu frá sér hljóð, bitu og börðust um.“

2. *Rafstuð.* Dýrum eru gefin sterk rafstuð. Þetta var sagt um viðbrögð hunds, sem gefinn var sterkur rafstraumur í tennur: „Gaf frá sér hljóð löngu eftir að rafertingunni var hætt.“ Svissneskur vísindamaður athugaði fyrir skömmu áhrif sársauka með að reyra apa niður í stól og leiða síðan rafstraum í skott þeirra. Hann tók eftir, að þeir „létu skína í tennurnar og gáfu frá sér há öskur.“



MYND 2. — Hlutfallslegur fjöldi þeirra tilrauna, sem framkvæmdar hafa verið innan læknavísindanna.

3. *Hiti*. Sársauki framkallaður með hitageislun og með að setja dýrin á heitar pönnur. Þegar mýs eru settar á heitar plötur, eru viðbrögð þeirra sögð vera, að þær „dansir og hoppi á framfótunum.“

4. *Efnaverkanir*. Sé kaolíni dælt í loppur dýra, myndast í þeim sérlega sársaukafull ígerð og bólgur. Turpentín framkallar ígerð, sé því dælt í framloppur katta. Elektróður, sem settar eru í heila kattanna, sýna, að rafvirkni eykst og strychnine er síðan enn látið auka á rafboðin frá hinum veika bletti.

Inndæling sveppa orsakar einnig sársaukafullar bólgumyndanir. Sé þrýst á bólgnu svæðin, er það sagt leiða til að dýrin „hljóði, berjist um og bíti.“ Bradykinin-inngjafir orsaka mikinn brunasársauka og hefur efni þetta verið mikið notað við rannsóknir á sársauka.

5. Einnig má framkalla sársauka og ótta með að örva sérstakar heilastöðvar.

Enda þótt mæla megir gegn notkun manna (sjálfboðaliða) við rannsóknir, eru þær röksemdir veigaminni en þær, sem mæla gegn notkun dýra. Meginmunurinn er, að maður getur látið í ljós vilja til að taka þátt í slíkum rannsóknum, en það geta dýrin ekki. Einnig er hægt að draga úr hræðslu og uppnámi mannlegra sjálfboðaliða með því að þeir geta gert sér grein fyrir, hvað verið er að gera við þá, metið hinn vísindalega tilgang og vænta jafnvel vissrar umbunar. Dýr geta ekki skilið, hvers vegna menn í tvítum sloppum eru að pynda þau og uppnámið, sem öll tilraunadýr komast í, eykur nokkuð örugglega á þjáningarnar. Sjálfboðaliðar hafa verið notaðir í vandlega undirbúnum og framkvæmdum tilraunum og niðurstöðurnar hafa haft miklu meira gildi en niðurstöður tilrauna með dýr. Eða hvernig er hægt að rannsaka svo óhlutlægt atriði sem sársauka án þess að sá, sem tilraunin er framkvæmd á, geti lýst reynslu sinni?

V *Lífið á rannsóknarstofunni.*

Ýmis lyf eru notuð sem svæfilyf án þess nokkuð sé vitað um, hvort þau svæfi dýrin í raun og veru. Urethane og ketamine eru dæmi um efni, sem svæfilyf við dýratilraunir. Hugsanlegt er, að efni þessi lami dýrið aðeins, *án þess það missi tilfinningu*, en svæfi það ekki.

Eina leiðin til að komast að því, hvort þessi efni eru í raun og veru svefnlyf er að prófa þau á mönnum, en slíkar tilraunir eru sjaldan framkvæmdar.

Um aflífun tilraunadýra.

Dýr með köldu blóði (misheitu) eru drepin með að mөлva höfuð þeirra. Mýs eru drepnar með að slá höfði þeirra utan í borðbrún. Hundar og kettir eru skotnir, drepnir með rafstuði eða þeim gefið inn eitúr. Einnig drepin með eiturgasi.

VI *Tilraunir utan Bretlands.*

Menn halda oft, að breskir rannsóknarmenn framkvæmi ekki eins hrottafengnar tilraunir og starfsbræður þeirra víða erlendis. Trúlega er þarna fyrst og fremst um það að ræða, að Bretum er það í blóð borið að lýsa hlutunum á „fínni“ hátt — miðað við t. d. Bandaríkjamenn, sem yfirleitt eru ekkert að skafa utan af hlutunum í lýsingum sínum.

Sálfræðingur í Connecticut hefur bent á, að apar, sem ákveðinn

hluti heilans hefur verið fjarlægður úr, eigi það stundum til að éta saur. Við þessar athuganir notaði hann ókynþroska rhesus-apa. Hann fjarlægði úr þeim viðkomandi heilahluta til að athuga hinar breyttu matarvenjur þeirra.

Vísindamaður í Kaliforníuháskóla reyrdi niður apa, skar af þeim skottið, dró úr þeim vígtennurnar og setti elektróður langt inn í heila þeirra. Tækjum til þvag- og blóðsýnatöku var komið fyrir inni í þeim. Eftir að hafa fengið atferlisfræðilega þjálfun, var öpum þessum skotið út í geiminn.

Rannsóknarmaður við John Hopkins læknaskólann í Baltimore lagði stund á athuganir á skyndilegum dauða. Þetta gerði hann með að setja rottur niður í vatnstank og athuga hve lengi þær væru að drukkna. Ýmist drukknuðu rotturnar strax (gáfust upp) eða syntu um — í allt að sextíu klst., áður en þær drukknuðu. Hann komst einnig að þeirri niðurstöðu, að þær drukknuðu fljótar, væri „skeggið“ skorið af þeim.

Framköllun stress og taugaveiklunar við tilraunaáðstæður.

Allt síðan á dögum I. Pavlovs (rússneskur) hafa dýr verið notuð í tilraunum, sem miða að því að sturla dýrin. Yfirleitt er þetta byggt á sársauka, sem dýrin geta ekki flúið frá.

Flestar slíkar tilraunir virðast framkvæmdar í Bandaríkjunum og Sovétríkjunum.

Árekstraprófanir.

Dýr eru mikið notuð við athuganir á bílslysum. Yfirleitt er dýrið reyrt niður í bílsætið og bíllinn síðan klessukeyrður á tilteknum hraða. Þessar tilraunir eru flestar framkvæmdar í Bandaríkjunum. Notaðir eru birnir, orang-utanur og gópillur. Þótt það sé vel vitað, að öryggisbelti geti orsakað dauða fósturs, fengu bandarískir vísindamenn 103.800\$ árið 1968 frá samgöngumálaráðuneytinu til að framkvæma klessukeyrslutilraunir á þunguðum baboon-kven-öpum.

Oft eru þau dýr, sem lifað hafa af slíka tilraun, notuð umsvíflaust aftur.

VII Það sem nota má í stað dýra í tilraunum.

Á síðari árum hefur fundist ýmis konar tæki, sem nota má í stað dýra í tilraunum:

1. Dúkkur. Notaðar í klessukeyrslutilraunum og við kennslu í

- líffræði, hjúkrun og læknisfræði. Til eru mjög fullkomnar dúkkur („róbótar“), sem gerðar hafa verið í þessu skyni. Til eru dúkkur, sem nota má til „krufningar“.
2. Stærðfræðileg módel. Slík módel hafa verið gerð fyrir athuganir á starfsemi flestra líffæra og líffræðilegra kerfa. Nota má þau við kennslu, sjúkdómsgreiningu og rannsóknir. Slík kerfi geta t. d. sagt fyrir um áhrif lyfja.
 3. Vefjaræktir. Þar er um að ræða ræktun lifandi frumna, sem fengnar eru frá lífverum. Einn megin kostur þessarar aðferðar, fram yfir dýratilraunir er, að hægt er að rækta þannig upp mannsfrumur. Slíkar ræktanir eru t. d. notaðar í: eiturefnaathugunum á „metabólískum inhibítorum“.
 4. Frumstæðar lífverur. T. d. hafa bakteríur verið notaðar við prófanir á verkum ýmissa lyfja.

Þessar umsagnir og tilraunir í fyrrgreindri bók ættu að nægja til að gefa hugmynd um, hversu alvarlegt ástandið er varðandi meðferð tilraunadýra. Aðeins hefur verið tæpt á örfáum þeirra atriða, sem fjallað er um í bókinni og einstök dæmi tekin af handahófi. Ráðlegg ég eindregið öllum þeim, sem þess hafa nokkurn kost, að lesa bók þessa til hlýtar.

Þar eð ástandið í þessum getur varla talist vera alvarlegt hér á landi enn sem komið er, mun ekki útilokað, að hægt verði að hafa heppileg áhrif á þróun þessara mála. Margfalt erfiðara er að hafa áhrif á slíkar tilraunir, þar sem þær eru orðnar rótgrónar.

Ég óttast, að líta verði á meðferð tilraunadýra sem hluta af stærra vandamáli: hnignun siðgæðis almennt. Því er ekki nóg að draga úr afleiðingum: orsakirnar verður líka að reyna að upp-ræta.

Úr bókinni „VICTIMS OF SCIENCE — THE USE OF ANIMALS IN RESEARCH“, Ryder, R. D., Davis-Poynter, London, 1975.

Úrdráttur — *aftast í bókinni.*

1. Engin frambærileg ástæða er til að ætla, að önnur dýr þjáist ekki á svípaðan hátt og menn.
2. Síðustu áratugi hefur orðið stöðug aukning í notkun lifandi dýra við rannsóknir.
3. Mörgum tilraunum fylgja miklar þjáningar fyrir tilraunadýrin.
4. Líklega deyja a. m. k. 100 milljónir tilraunadýra á hverju ári í rannsóknarstofum um heim allan.
5. Vitað er, að á ári hverju eru gerðar tilraunir á yfir fimm milljónum

lifandi hryggdýra í breskum rannsóknarstofum. Um 86% tilraunanna eru framkvæmdar án svefnlyfja, enda þótt margar þeirra orsaki miklar kvalir hjá tilraunadýrunum.

6. Að öllum líkindum eru flestar tilraunir á dýrum nú framkvæmdar á vegum verslunar og viðskipta, en ekki í fræðilegum (akademískum) tilgangi.

Svo virðist, sem minna en þriðjungur breskra tilrauna á árinu 1972 hafi verið framkvæmdur í læknisfræðilegum tilgangi, og það lítur út fyrir, að sístækkandi hlutfall kvalafullra tilrauna á dýrum út um allan heim, sé án tengsla við læknisfræðilegan tilgang.

Dæmi:

- a) Eiturprófanir á hreinlætis- og snyrtivörum; næringarlaus efni, sem bætt er í mat; skordýraeitur og annar varningur, svo sem t. d. ofnhreinsarar.
- b) Atferlisfræðilegar rannsóknir.
7. Fjöldi dýra deyr við prófanir á vopnum.
8. Jafnvel „venjulegt líf“ (þ. e., utan tilrauna) á rannsóknarstofum hefur í för með sér töluverðar þjáningar fyrir mörg dýr.
9. Mikill vöxtur er í „tilraunadýraíðnaðinum“, sem byggir hagsmuni sína á aukinni notkun tilraunadýra.
10. Margir nánustu ættingjar mannsins (þróunarfræðilega séð) eru notaðir sem tilraunadýr. Um 250.000 apar deyja árlega í rannsóknarstofum út um allan heim og vegna þessa eru nokkrar tegundir þeirra í hættu að deyja út.
11. Hvergi í heiminum er um að ræða löggjöf, sem veitir tilraunadýrum tilhlýðilega vernd. Breska löggjöfin er áhrifalítill og leyfir, að meiri háttar þjáningar séu lagðar á dýrin.
12. Endurbætur ættu að felast m. a. í:
 - a) Að banna allar kvalafullar tilraunir, sem ekki eru gerðar í læknisfræðilegum tilgangi.
 - b) Ríkisaðstoð við þróun aðferða, sem komið geta í stað tilraunadýra.
13. Stór hluti rannsókna á dýrum hefur ekkert vísindalegt gildi. Hvergi er þetta augljósara en í hinum geysiumfangsmiklu eiturefnaprófunum á verslunarvarningi.
14. Ýmsar prófunaraðferðir, sem komið gætu í stað tilrauna með dýr, lofa góðu, og væri hægt að þróa þær frekar. Í sumum tilfellum eru slíkar aðferðir töluvert ódýrari en notkun tilraunadýra.
15. Margir miklir umbótamenn á sviði þjóðfélagsmála hafa einnig sýnt áhuga á verndun dýra. Á síðustu árum hafa augu ýmissa stjórnálmanna, vísindamanna og lögfræðinga opnast varðandi mikilvægi þessa máls.
16. Megin tilgangurinn með hinni geysimiklu notkun tilraunadýra er ekki sá að draga úr mannlegum þjáningum, heldur verslunargróði. Annar megin tilgangurinn er starfsmetnaður.
17. Engin rökræn ástæða er til að hundsá hagsmuni annarra tegunda. Eigin gjörn „tegundahyggja“ (þ. e., umhyggja fyrir eigin tegund aðeins) er jafnvel varla til lengdar líkleg til að mæla með áframhaldandi tilveru mannsins sjálfs.

Ólafur Halldórsson, líffræðingur.

STJÖRNULÍFFRÆÐI

Tveir kunnir menn, Brynjólfur Bjarnason, fyrrum ráðherra, og Þorsteinn Sæmundsson stjörnufræðingur, hafa nýlega látið uppi þá skoðun sína, að fyrirbæri sem lengi hafa verið umdeild eða véfengd, séu ekki aðeins verðugt, heldur hið verðugasta viðfangs-efni. Þorsteinn Sæmundsson lætur þessa skoðun í ljós í sambandi við „fljúgandi diska“, en Brynjólfur í sambandi við fyrirbæri spíritismans. Vel þótti mér það gert hjá Brynjólfi að tengja þessar rannsóknir ákveðið við framhald lífsins eftir dauðann, og að taka það fram að menn þyrftu ekki að vera spíritistar til þess að aðhyllast slíka skoðun. En þó benti hann ekki á neina leið til að komast fram hjá hinum spíritiska skilningi, og finnst mér það vera brestur í rökfærslunni hjá hinum mikla rökfræðingi.

Vitanlega eru þessar tvær greinar fyrirbrigða: andatrúarfyrirbrigðin og „flugdiskarnir“ af sama toga spunnar, því að öll hegðan hinna síðarnefndu ber þess vott að þeir birtast og hverfa, en eru ekki farartæki sem sigla hægt um geimdjúpin eftir seinförnum brautum. Og á hinn bóginn þarf enginn heldur að vera í vafa um hið stjarnræna upphaf miðilfyrirbrigðanna, eða þess kraftar sem líf og hugur, draumar og svefn eru af. Það er á stjörnunum sem lífinu er lífað, frumlífi og framlífi, og enginn andaheimur er til. „Ekkert skil ég í þeim sem mæla á mótí þessu,“ sagði ungur maður við mig, eftir að ég hafði skýrt honum frá aðalatriðum stjörnufræðinnar, og bætt því við að „það er á þessum stjörnum sem þeir eru sem við höfum samband við.“ Og ef þeir gá nógu vel í huga sér þeir Þorsteinn og Brynjólfur (og fjöldi annarra), þá býst ég við að þeir komist að sömu niðurstöðu og þessi ungi maður. Ég býst við að undir niðri séu þeir mjög sammála niðurstöðum stjörnulíffræðinnar (astrobiology), þó að þeir komi sér ekki að því að segja það.

Þorsteinn Guðjónsson.

STJARNAN

Öll að sjái sólnakerfi,
svo er enginn maður skyggn;
stýrir hverju stjörnuhverfi
stærsta sól að birtu og tign.

Leika þær á lausum þræði,
létt er drottins styrka hönd;
heldur hver þó sínu svæði,
sín eru hverri mörkuð lönd.

Lætur hann allt laust og bundið
lögum þeim, sem fyrst hann gaf;
öruggt stjörnur sækja sundið
segulgeims um reginhaf.

Þótt sumar leiki lausum *hala*
lengst um himins óbyggðir,
aftur munu sér allar smala,
aðrar síðar, en hinar fyr.

Í Halcyone¹ situr hann sjálfur,
sveiflar þaðan hnatta fjöld,
fjærstu alheims yfir álfur
almættis hann breiðir skjöld.

Þangað allar sólrir sveigja,
sínnum hver með stjörnukrans;
fyrir honum höfuð hneigja,
halda svo áfram sínum dans.

Veröldum um veginn farna
vísar jafnt og mönnum leið
sjöföld er þó samein stjarna;
sjálfri er henni ei markað skeið.

Verður skyggn, að sólu setztri,
sál, er losnar holds við ok;
stjarnan skæra skín í vestri,
skoða eg hana í vökulok.
Grimur Thomsen.

¹ Bjartasta stjarnan í Sjöstirninu.

Draumar


Draumur um sérkennilegt fjall.

I.

Mér þótti ég vera staddur uppi á háu fjalli ásamt nokkrum mönnum sem ég þóttist þekkja. Ekki þýddi ég þá samt fyrir neina þá, sem mér eru kunnir úr vöku. Mér þótti fjallið vera flatt að ofan og að þar væri grasflöt. Ekki var þessi flötur stór, ég gæti giskað á svo sem 15 metrar á annan veginn og 25 á hinn veginn.

Ég minntist þess, að áður fyrir hefði þessi staður uppi á fjallinu verið mjög fjölsóttur af fólki, sem komið hafði þangað upp, til að njóta hins fagra útsýnis. Þá hefði þessi flöt einnig verið miklu stærri. En á síðari árum hefði eyðing fjallsins færst svo mjög í aukana, að nú væri allt útlit fyrir, að hún mundi eyðast og hverfa með öllu á tiltölulega skömmum tíma. Ég hugleiddi einnig og þóttist skilja, að hin vaxandi eyðing þessa fjalls væri aðeins einn hluti allsherjar eyðingar og eyðileggingar, sem átt hefði sér stað í mjög auknum mæli á síðustu tímum, og að þessi afturför næði til allra hluta á öllu landinu eða jafnvel á öllum hnettinum. Þóttist ég þó skilja, að unnt væri að breyta hér um til batnaðar, og hefði verið fundin upp aðferð, eða ráð sem duga mundi. Ekki komst það þó nógu skýrt inn í vitund mína, hvert þetta ráð væri, en þó þótti mér sem einhver allsherjar uppgötvun hefði verið gerð, sem leyst gæti allan vanda, ef eftir henni væri farið. Mér þótti sem ég ætti margar ljúfar minningar um þetta fagra fjall og að mér væri sérstaklega sárt um það. Þótti mér við félagarnir ræða um, hvernig bjarga mætti því frá bráðri eyðingu.

Mér þótti ég vera fullur áhuga og bjartsýni og segja við féлага mína á þessa leið: „Við verðum að gerast frumkvöðlar þess, að stöðva alla eyðileggingu, sem nú á sér stað allstaðar, og þar með að bjarga þessu fagra fjalli. Við vitum hvað til þess þarf og við verðum tafarlaust að hefjast handa og leggja okkur alla fram.“



Pannig þóttist ég vita, að úllit fjallsins væri í aðaldráttum.

II.

Líklegast þykir mér að draumgjafi minn hér, sé íbúi annars hnattar, þar sem mjög er farið að stefna í ógæfuátt og þar sem helstefnan vinnur á með vaxandi hraða, og það jafnvel svo að fjöll eyðast og veðrast örar en eðlilegt megi teljast.

Eftir því litla broti af hugsunum draumgjafa míns, sem komist hafa inn í vitund mína sem draumbega, þykist ég einnig mega ráða, að á þeim hnetti hafi verið uppgötvað lífsbandið við lengra komna íbúa annarra hnatta, og að einhverjir, þar á meðal draumgjafi minn, hafi skilið að þaðan, og aðeins þaðan, væri hjálpar að vænta.

Ég geri ráð fyrir, að þessi draumgjafi minn eigi heima á frumlífshnetti, eins og við hér. Mér skilst, eftir þessum draumi, að áhugi sé þar vakinn á, að breyta um frá helstefnu til lífstefnu, og að draumgjafi minn og fleiri hafi trú á, að það megi takast. Hann virðist og ætla sér, að vinna ötullega að þessum málum og reyna að fá aðra í lið með sér.

III.

Ekki er að efa, að á mörgum hnöttum er mikil samstefna atburðarása. Stefna eins hnattar hefur áhrif á verðandi annars hnattar. Ef tekst að uppgötva lífsbandið á einum frumlífshnetti mun

það auðvelda slíka uppgötvun á öðrum frumlífshnetti. Ástundun stjörnusambanda á okkar hnetti, þótt aðeins sé á byrjunarstigi, auðveldar stjörnusambönd þeirra, sem eru á byrjunarstigi á öðrum hnetti, samstæðum og samstíga.

Það mun og auðvelda nokkuð um árangur stjörnusambanda, ef tilraunamenn á nokkrum frumlífsjörðum vita hver um annan. Það styrkir sambönd að vita um samstefnu og sameiginlegt markmið þeirra er líkt eru á vegi staddir.

Vitneskja um slíka samstefnu getur borist til okkar jarðarbúa einkum fyrir miðilssambönd, eins og stundum hefur gerst á sambandsfundum Nýalssinna (Burdlik o. fl.), en einnig mun sú vitneskja geta borist fyrir draumsambönd, og tel ég að slíkt hafi stundum gerst.

Dreymt 23. júlí 1974,

Ingvar Agnarsson.

Draumur um fagurt hús

Mér þótti ég vera staddur úti einhvers staðar og var fremur skuggsýnt. Sá ég í einni átt mörg fjöll. Voru þau ekki mjög há, og með ávölum línunum. Heldur voru þau dimm svo ekki sáust önnur einkenni þeirra en útlínur. En uppi á einu þeirra var hnjúkur nokkur eða lítið fjall, eða þannig fannst mér í fyrstu. Var það ljósleitt eða næstum hvítt á lit. Horfði ég snöggvast til fjalla þessara, en snéri mér svo að einhverjum félögum mínum, sem mér þótti vera þarna og talaði ég við þá um hrið, en sneri mér síðan aftur við, til að horfa betur á fjöllin. Og er ég fór að horfa betur á hvíta hnjúkinn, sem mér áður þótti vera, sá ég að þetta var alls ekki fjallshnúkur, heldur mjög stór og fögur bygging. Stóð hún uppi á hæsta fjallinu og nálægt enda þess eða brún. Var húsið hæst þeim megin er sneri að fjallsbrúninni, en nokkru lægra hins vegar. Sá ég greinilega margar gluggaraðir, hverja upp af annari, líklega svo sem 8—12 raðir, en ekki taldi ég þær. Enginn turn var á byggingu þessari. Öll var hún hvít, og eins og stafaði ljóma nokkrum af henni. Fannst mér ég verða heillaður af að horfa á hana.

Hugsast gæti, að hér væri um að ræða stjörnusambandsstöð á einhverri annari jarðstjörnu, en oft hefur komið fram, að þær séu reistar á hálandum stöðum.

Ingvar Agnarsson

(Dreymt um 22. apríl 1957)

Draumur um einkennilegt útlit fólks á öðrum hnetti.

I.

Mig dreymdi. Draumurinn var þess eðlis, að ég, eða réttara sagt, draumgjafi minn var áreiðanlega ekki íbúi þessarar jarðar, heldur einhverrar annarrar.

Ég þóttist vera staddur á allstórri, grænni flöt. Fleira fólk var þarna, og sumt af því voru börn, og var ég eitt þeirra. Fólk dreif að, og varð mjög fjölmennt á þessari grasi grónu flöt. Það talaði saman og hafði hátt. Allir voru glaðir. Sumir fóru að syngja. Það leit út fyrir að þetta fólk væri að koma þarna saman til að gleðjast og skemmta sér.

Ég veitti fólkinu athygli. Fullorðna fólkið var hávaxið, að mér þótti, og útlit þess annað en fólks á okkar jörð. Einkum var andlitssvipur og höfuðlag annað. Allir voru mjög búlduleitir, kinnarnar stórar, höfuðið hnöttótt og stærra í hlutfalli við líkamann, en á fólki okkar jarðar. Ljóst var það á hörund.

II.

Er ég rifja upp hin ýmsu einkenni þessa fólks í draumnum, finnst mér þó, að ekki hafi það verið óásjállegt eða ófrítt, heldur mætti kalla útlit þess alleinkennilegt, ef miðað er við það, sem við eigum að venjast.

Trúlegt er að ýms frumlífsmannkyn annarra hnatta, séu okkur lík að líkamsbyggingu allri, þrátt fyrir nokkurn mun, og við slík mannkyn ættu sambönd að verða auðveldari en við önnur, sem okkur eru fjarskyldari, eftir að sambönd fara að takast betur á annað borð, við íbúa annarra hnatta, heldur en enn er raunin á.

Dreymt 22. september 1976,

Ingvar Agnarsson.

LEIÐRÉTTINGAR:

Í 8. blaði LÍFGEISLA hefur orðið prentvilla á bls. 106, efstu línu. Þar stendur: *eininga* en á að vera *einingja*.

Í sama blaði á bls. 106, í 9. línu ofan frá, stendur: er ekki sögð af *minni* skilningi . . ., en á að vera: er ekki sögð af *neinum* skilningi . . .

Bið ég lesendur að athuga þetta, þar sem þessar villur valda misskilningi.

Í 9. blaði LÍFGEISLA hefur í efnisyfirliti á öftustu síðu verið prentuð fyrisögnin: *Vetrarbrautabvirfing*, en á að vera: *Geimskýið í Monoceros*, svo sem sjá má á annarri kápusíðu, bls. 110.

Ritstj.

Sambandsfundir

Miðilsfundur 26. júní, 1976, í Hótel Varðborg, Akureyri.

Helgi Pjeturss (Sveini): Komið sæl. Þetta er tilraun og sú tilraun er nokkuð vandasöm, en við skulum vona að þetta samband megi takast. Þetta eru fjarsambönd hnatta á milli. Við hugsum til ykkar nokkuð mörg frá stöð okkar og þið skuluð reyna að taka á móti áhrifum héðan. Við vonum að nokkuð góður árangur geti náðst. Samband slíkt, sem hér á sér stað, fjarsamband hnatta á milli, hefur reyndar oft og á ýmsum stöðum áður tekist á ykkar jörðu. Þó hafa menn ekki gert sér það ljóst og ekki komist á þá skilningsleið, sem æskileg hefði verið í þessu efni. Þó hefur ýmislegt mikilsvært komið fram á miðilsfundum og hefur það sína þýðingu, til að sannfæra ýmsa um, að þeir væru að hafa samband við framliðna, og það samband er óhætt að segja, að sé staðreynd. En hér þarf að koma til sögunnar réttur skilningur og þekking, svo að þessu sambandi verði komið í fullkomnara horf. Hér er mjög áriðandi að ekki sé staðið í stað og segja má að svo hafi verið alltof lengi. Miðilssamband er í eðli sínu skylt svefn sambandi eða draumsambandi, þannig, að þetta sem á sér stað er ekki dularfullt. Ég vil vona að tilraunir ykkar megi verða hinar öflugustu, og þannig gætu þær orðið til að greiða fyrir framförum hér, eins og svo mikil nauðsyn er á.

Bjarni Thorarensen, skáld (Sigríði Jónsdóttur). Heil og sæl. Hér er ég staddur norður við Eyjafjörð. Hér var ég þótt ekki væri neinn rósadans. Ég er nokkuð löngu farinn.

(Spurning: Varstu fornmaður?)

Nei, ekki get ég talist það enn. Átjándu aldar maður var ég. Möðruvöllum sat ég á.

(Spurning: Ertu Bjarni Thorarensen?)

Jú, víst er ég hann. Já, undarlegt er að koma hér, finna land mitt í gegnum ykkur. Fæst ég við búskap enn, og hef heldur bætt mig.

(Hér er orðin mikil breyting, frá því að þú varst hér.)

Já, eftir því sem ég get skynjað. Nú er þétt setið út við sjó. Það hefði ekki þótt gott að hrúgast svona saman, meðan ég sat á Möðruvöllum. Það verður að geta haft samband við jörðina. Getum það ekki gegn um allt þetta grjót ykkar. Ég vildi segja mikið en þetta er stirt. Ég er sáttur við tilveruna nú. Það er gott að vera sáttur við umhverfi sitt og reyna að bæta það.

(Spurning: Komstu fram á góðum hnetti?)

Já, ég kom fram á nokkuð góðum stað. Ég er nýkominn hingað. Var á öðrum hnetti áður. Ég er á uppleið. Ég var nokkuð lengur á mínum fyrri hnetti, en margir aðrir. Þar var bæði gott og illt. Ég hefði getað flust fyrr, en ég vildi geta lokið mínu verkefni. Það var meira misræmi í öllu þar en hér. Þar er meira bæði af góðu og slæmu. — Hér er mjög gott og fagurt og ég er ánægður hér. — Það sem verst fór með mig, áður en ég flutti af jörð ykkar, var hroki yfirstéttarinnar.

(Spurning: Getur þú sagt okkur frá hnettinum sem þú fluttist til fyrst, eftir að þú fórst héðan. Var það hnöttur með bundinn möndulsnúning?)

Nei, ekki. Ég get ekki gefið lýsingu á honum nú, en þar eru jöklar, og samt er of heitt um miðju hnattarins. Þar voru menn, en erfitt var fyrir þá að lifa þar. Það er líka erfitt líf nyrst og syðst. Miklir jöklar eru á skautum. Þar segja fræðingar að jöklar hafi bráðnað mikið á síðustu árþúsundum. Þeir segja, að veðurfar fari batnandi.

(Spurning: Eru jöklar á nýja hnettinum, þar sem þú nú átt heima?)

Ég held ekki. Ég er ekki búinn að kynna mér jarðsögu þessa hnattar. Læt þetta nægja. Kveð ykkur.

Eyþór Gunnarsson, læknir (Sveini: Já, sæl. Ég er Eyþór Gunnarsson læknir. Ég er sannarlega glaður að komast hér að stutta stund. Þið hafið tekið upp merki Nýals og hina þýðingarmiklu heimsfræði og líffræði, sem ég tel merkilegustu uppgötvanið, sem gerðar hafa verið á ykkar hnetti. Uppgötvun lífsambandsins við aðrar stjörnur, er einhver sú stærsta uppgötvun, sem um getur, ef menn vilja notfæra sér hana, og getur valdið aldahvörfum í sögu

mannkynsins. Hér er því ekki neitt smámál á ferðinni, að ryðja því braut.

(Spurning: Er stuðnings að vænta frá erlendum mönnum?)

Margir erlendir menn fást við rannsóknir, er snerta þetta samband lifenda og e. t. v. eiga einhverjir þeirra eftir að reynast slíkir drengskaparmenn, að taka hér undir, ef þeir eiga þess kost. Þið skuluð ekki gefast upp við að vænta stuðnings erlendis frá, en ekki skuluð þið liggja á liði ykkar á Íslandi. Ég er ánægður með ykkar skilning á þessum málum, ykkar, sem eruð að reyna að koma þessum málum áleiðis. Ég er oft að íhuga möguleika á að lækna hér. Ég hef ýmsa í huga sem ég álít að hafi verulegan starfsáhuga og séu víðsýnir menn. Tilraun hefur gerð verið til að bæta mannlega hugsun á ýmsum öldum og hafa komið fram miklir og merkilegir andans menn, sem hafa gert hinar þýðingarmestu uppgötvanir. Hefur þannig smám saman tekist að færa út þekkinguna á ýmsum sviðum, þannig að það hefur tekist að koma hugmyndum jarðarbúa á ýmsum sviðum í rétt horf, en oft varð margt að leiðrétta og skýra, til að fullur sigur ynnist að koma jarðarbúum á þekkingarleið. Heimsfræði og líffræði er það, sem færast þarf í betra horf, til þess að mannkynið geti að fullu náð hinni réttu stefnu. Nýall er þar lausnin, sem nú er mest þörfin á. Ég veit að ykkur er þetta ljóst, en það er tvísýnt um hvort þessi sannleikur megi ná að bjarga mannkyninu.

Ég er oft að furða mig á sljóleika og tregðu gagnvart einföldum þekkingaratriðum þeim, sem Nýall hefur til síns ágætis. En það er þó ekki nýtt í sögunni. Tregða og sljóleiki gagnvart því, sem mest er um vert allri framtíð mannkynsins, þótt aldrei hafi verið eins mikið í húfi að menn átti sig og einmitt nú. Ég læt nú þetta nægja um slíkt efni, en alltaf er mér ríkt í huga Ísland og Íslendingar og ég fylgist með þjóðinni úr fjarlægð, eftir því sem ég get. Ég er tengdur henni þó ég sé fluttur á aðra jörð og svo mun vera um marga aðra, að þeir eru tengdir gamla hnettinum á ýmsan hátt. Ég er hér á annarri jörð í fögru umhverfi og unni mér vel. Allt er hér ákaflega ánægjulegt, bæði fólk og umhverfi. Allir leitast við að stefna í lífstefnuátt og hér er engin andstilling manna á milli til að eyða orku.

(Spurning: Er nokkur dauði hjá ykkur?)

Engin þjáning, enginn kvíði, aðeins tilhlökkun að fara á aðra jörð til enn betra lífs. Þegar fer að líða að flutningi til annars hnattar, er eins og fari að skapast samband þangað og það verður

æ sterkara og að síðustu er lagst til svefns og vaknað upp á fullkomnara hnetti, og er þá tekið á móti þeim af þeim sem þar eru fyrir, og líkami myndast. Um gamla líkamann, er það að segja, að það er líkast því sem hann verði að engu hér, og því er ekki hér um rotandi lík að ræða, sem eftir verða. Sjúkdóma þekkjum við hér ekki, því afl manna er hér svo mikið, að sjúkdómar ná ekki til þeirra. Sjúkdómar geta ekki þrífist hér. Útgeislun líkamans segir mjög til um ástand hans, áður en hægt er að greina breytingu á ástandi hans.

Þannig er margt í tilverunni að margt er mönnum hulið, þangað til einhver lykur upp augum manna, fyrir því rétta og þarf þó oft mikið til að fá menn til að opna augun og sjá það sem þeim er ætlað að sjá. En ekkert er til í tilverunni, sem á að vera hulið og utan við skilning manna. Það er mesta fjarstæða að ætla það. Beita á viti og skilningi til að rannsaka alla hluti og skilja eðli þeirra og verða með því æ vitrari.

(Spurning: Er aðeins um framlíf að ræða á þínum hnetti?)

Eigi er hér aðeins framlíf, því um fjölgun er að ræða, því hér verða til einstaklingar. Gerist það eins og hjá ykkur, en þó án teljandi fæðingarörðugleika. Hér er komið á hærra stig, að því leyti, og þetta eru nú mikil og góð umskipti. En þetta er nú ekki hægt að ræða ýtarlega að sinni og ætla ég ekki að þreyta ykkur með of löngu tali. Börn þurfa hér sinn tíma til að vaxa og þroskast og allt er gert til að hlúa að börnunum. Þetta gengur allt sinn eðlilega gang.

(Spurning: Er hægt að fæðast aftur á þinni jörð?)

Þú átt við, að fæðast sem barn af konu. Það er aðeins hægt einu sinni, hvar í alheimi sem er. En á sama hnettinum, þannig að flutningur sé á milli staða á sama hnettinum, það er hugsanlegt.

Ég þakka vinsamlegar viðtökur. — Verið sæl.

N.N. (Sveini): Eigingirnir hefur slæmar afleiðingar. Ég er ekki að segja, að þið séuð eigingjörn.

((Spurning: Ertu að tala um sjálfan þig?))

Já, ég var ekki góður maður. Eigingirnir varð mér að falli og því fékk ég að kynnast eftir að ég kom hingað. Á Íslandi var ég, og ég var eigingjarn í fjármálum.

(Spurning: Ertu N.N.?)

Já, ég er hann. En nú vil ég bæta ráð mitt. Hér er dimmt. Sterkar verur gæta mín.

(Spurning: Sérðu birtu í eina átt?)

Já, það er farið að birta.

(Spurning: Hefur þú alltaf verið á sama stað?)

Já, að vera hér, það er hörmuleg líðan. Hugsíð vel til mín. Tíminn er búinn, segja þeir. Verið sæl.

Ingvar Agnarsson

ritaði jafnóðum og talaðist.

ATHS.:

Þess má geta, að á meðan N.N. var í sambandinu, varð a. m. k. einn fundargesta fyrir mjög óþægilegum áhrifum, líkt og hann yrði samsála eða samvita þeim illa haldna einstaklingi, sem hér talaði miðilsmunni, og var sem fundargesturinn tæki þátt í eða skynjaði þjáningu hans. Tók það hann þó nokkurn tíma eftir fundinn að losna við þessa tilfinningu.

Fundarmenn reyndu að hugsa hlýtt til þessa manns í sambandinu, ef verða mætti honum til hjálpar. Mun hann vera farinn héðan af jörðu fyrir allmörgum árum. Væri mikils vert, ef unnt væri að hugsa til þessa manns, eða stilla hann til sambands á þann veg, að lengra komnir vinir mættu hjálpa honum úr þeim illa stað, sem hann kveðst hafa komið fram á, eftir brottför sína héðan.

Miðilssambönd veita oft lífennisfræðilegar upplýsingar um líf framliðinna, sem unnt væri að draga af nytsaman lærdóm.

(Ritstj.).

MYR —

Spekiorð frá ýmsum tímum

- Mótblásturinn er byr sannleikans. — *Byron.*
- Til þess að geta ráðið yfir náttúrunni, verðum vér að hlýðnast henni. — *Bacon.*
- Fyrsta skrefið tók ég með góðum hugsunum, annað skrefið með góðum orðum og þriðja skrefið með góðum verkum, og þannig gekk ég inn í Paradís. — *Zarabústra.*

Miðilsfundur föstudaginn 1. október 1976.

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Sigurður Ólafsson (Sveini): Sigurður Ólafsson talar. Komið öll sæl, mínir góðu vinir. Mér er alltaf ánægja að tala við ykkur. Er mér mikið í mun að geta komið hér fram og vildi ég geta lagt fram eitthvað frá fjarlægum framlífshnetti. Margt hefur mér flogið í hug um þetta samband og hvað enn gæti greitt hér fyrir.

Óskandi er, að ykkur mætti vaxa ásmegin á þessum stað, og við mætti búast merkilegri framför. Ekki fæ ég varist þeirri hugsun, að það gæti verið meiri samstilling þessa hóps, en raun ber vitni, í þessum félagsskap. Vonandi verður breyting þar á. Ég hef mikla löngun til að hvetja alla til að leggjast á eitt og víkja öllu til hliðar, sem orðið hefur aðeins til að valda vandræðum.

Mín hugsun hefur eflst hér og ég er áþreifanlegur og líkamlegur. Ég er betur lifandi en áður. Það er líkast því, sem maður sé alfrjáls og sífellt betur vitandi um alheiminn og möguleika hans. Og það þykir mér stórkostleg framför. Ekki hef ég ástæðu til að sjá eftir því að ég hvarf frá Jörð, þó ég sjái að vísu eftir nánnum ástvinum, er ég hafði samband við. Ég tel mig að öllu leyti betur settan hér, með vaxandi orku og mátt.

Margt er það, sem ég hef athugað í nágrenni því, sem hér er, landslag og gróður og ég hef undrast fegurð og fjölbreytni þá, sem hér er, og ekki síst hef ég ánægju af litbrigðum og víðsýni því, sem hér er um að ræða. Það er mér mikil unun, að horfa á, hversu litirnir skapa furðulegt samræmi. Litir eru mun fegurri, en ég átti að venjast á jörðinni og allt hefur mér þótt taka fram því, er ég áður þekkti.

Vissulega er þetta mjög furðulegt og dásamlegt. Margt fólk hér er ákaflega skemmtilegt viðkynningar. Hér er hugarfarið og samstarfið manna á milli þannig, að ekki er um neitt vandamál að ræða í samskiptum manna. Allir vilja öðrum vel. Skilningur allra er mjög glöggur. Hafa menn í huga, að sérhver er öllum öðrum nauðsynlegur, og það hugarfar þarf að ríkja hvarvetna, ef vel á að fara. Það er hægt að vita til sérhvers betur hér, en þar sem lífið er ósamstilltara og það er reynt að hjálpa öllum á allan hátt, sem þörf er á, til að njóta sín sem einstaklingur. Sambönd eru hér öflug, og hugsambönd manna á milli eru slík, að við vitum hver til annars. Við hugsum líkt um ýms aðalatriði tilverunnar og nauðsyn þess að vanda líferni sitt og framkomu, sem best má

verða. Má margt segja um þá hluti, en það verður að koma með tíð og tíma. Ég vona að ykkur muni auðnast, að eflast að góðvilja og visku betur og betur. Það er náttúrulögmál að hugsanir og athafnir hafa afleiðingar til góðs eða ills. Viðleitni til fullkominnar samstillingar er aðalatriði lífsins og allt sem miðar að betri og fegurri samstillingu á mikinn rétt á sér. Þó hugsa nú varla nokkrir tveir eins að öllu leyti, en þó er ekki mjög mikill munur á eðlisfari manna, þeirra sem skildir eru að minnsta kosti Þeir ættu að geta samstillt í hugsun. Margt sem menn aðhafast, væri betur ógert, þar sem líf er ósamstillt. Erfitt er að ráða við hugsun sína.

Nýlega fór ég í ferðalag, mjög skemmtilegt. Þar var um að ræða ferðalag til annars lands á þessum hnetti, og ég var ekki einn í þeirri ferð, heldur fórum við nokkur saman í hóp. Þessi hópur var samstilltur á ýmsan hátt. Hugsunin til staðarins, sem við ætluðum okkur á, var mjög sterk og fórum við þangað, svífandi um loftið á ekki löngum tíma. Nokkur spölur var þetta þó. Ferðin gekk ljómandi vel. Stóðum við þarna við í nokkra daga, og nutum gestrisni landsbúa. Ferðuðumst við um, þetta land á þessum tíma. Áttum við þarna góða daga og nutum samvistar við fólkið, þar sem við komum. Sumir, sem þar voru fyrir, voru mjög merki- legir og vitrir menn, og mjög vel hugsandi. Talað gæti ég um þetta ferðalag lengi, en mun ekki rekja það lengra. Könnuðum við ýmsa staði og hittum marga góða menn. Þessi ferð var loftferð og bæði haf og háfjöll var yfir að fara. Ég fullyrði, að mjög var auðvelt að komast áfram með þessum hætti. Loftthitinn var notalegur. Þótt farið væri mjög hátt, fundum við ekki til kulda. Við fórum jafnvel svo hátt, að við horfðum niður á ský, en þó vorum við ekki lengi svo hátt uppi. Annars var ekki mjög skýjað, en þó nokkuð.

Hér er hægt að komast af án farartækja, þó að vísu séu farartæki, eins og flugvélar, til hér. Þó fara menn hér ekki mikið í flugvélum, nema ef um mjög miklar vegalengdir er að ræða, eins og þegar menn fara kringum hnöttinn. Þá getur verið þægilegt, að hafa farartæki. En við svífum allar styttri vegalengdir og eins, þó um leiðir sé að ræða milli landa.

Þið munduð verða undrandi, ef þið sæjuð menn svífa á jörðinni. En þó er hægt að hugsa sér, að einhverntíma verði þetta öllum fært á jörð ykkar. Mætti mæla fleira um þessa hluti, en ég læt það þó bíða.

Sólin hérna er mjög fögur og björt og vil ég láta í ljós hrifni mína af feegurð og birtu sólarinnar hér, sem hefur svo mikil áhrif á allt okkar líf og veitir skilyrði til þroska. Og að vísu þarf nú fleira til.

Segja má að jörð okkar sé margfalt stærri en ykkar jörð. Á aðdráttaraflinu hef ég þó ekki fundið mikinn mun. En ákaflega er margt merkilegt á þessum hnetti. Ógrynni undraverðra líftegunda og ógrynni dásenda.

Ekki eru eldgos hér, en hvort eldgos eiga sér stað hér, hef ég enn ekki kynnt mér, en um náttúruhamfarir mun hér ekki vera að ræða og náttúruöflin valda hér engu tjóni.

Ákaflega er skemmtileg birtan, sem geislar frá blómunum. Ekki er hægt að lýsa þeirri geislun með orðum. Það er undraverð sjón. Á mörgum blómum má sjá þessa geislan og birtu og sérstaklega eru þó blómkrónurnar geislandi, það eru lífgeislar, og öll náttúran er eins og ljóshaf, þar sem blóm eru í breiðum, og brekkurnar eru allar ljómandi, blómabrekkur. Það er talsvert skemmtilegt að athuga þetta allt, og ég er oft undrandi að sjá hvernig blómin samstillast. Hvort þau hafa vit veit ég ekki, en þau virðast skynja nálægð manna. Mikil varfærni er höfð við allar lífverur náttúrunnar.

(Spurning: Eru fleiri byggðir hnettir í þínu sólhverfi?)

Í mínu sólhverfi eru fleiri hnettir byggðir en einn. En ekki get ég lýst fyrir ykkur því lífi ennþá, í þessu sólhverfi, nema þar sem ég þekki til, en þó hef ég fengið að vita, að hnettir í þessu sólhverfi eru fleiri, þar sem líf þróast.

Sólin er móðir margra barna, ef svo mætti segja; hún er sem móðir. Björt er hún og bláleit að sjá, fögur og yndisleg, og ákaflega dýrðleg sjón, er sólin er komin á loft.

(Spurning: Er sólarhringurinn lengri hjá ykkur, en hér hjá okkur?)

Svo mun vera, allmiklum mun lengri, þó ekki geti ég nú sagt það nákvæmlega, en þó er munurinn nokkur. Svipað tímatal er hér; miðum göngu jarðar um sól; skiptum í daga og nætur.

(Spurning: Eru árstíðaskipti?)

Svo er það. Munur er nokkur á sumri og vetri.

Það er talsvert mikið spjallað hér um fortíðina. Menn tala um hvernig hestar áður voru, í frumlífinu og hvernig þeir nú eru, í framlífinu, og þann mun, sem þar er á. Hver á sína sögu.

Minningar varðveitast í hug hvers eins og hefur það sína þýð-

ingu, að tengja nýtt og gamalt. Og það tengist margt merkilega hér og margt minnir á eitt og annað. Merkilegur munur er hér á orðinn til hins betra.

Öll er náttúran lífandi, þar sem samstilling er orðin nógu fullkomin og öll náttúran er á vald lífsins. Helgi Pjeturss skildi þetta svo skemmtilega, hvernig stefnir að því, að hefja hið ófullkomna til þess alfullkomna. Öll náttúran er í innsta eðli sínu guðlegs eðlis, og þetta er eðli allra hluta, að koma fram í sífellt fegurri myndum.

Þeir sem hafa komist til æðstu fegurðar og fullkomunar, þeir eru bjartari en nokkur sól og hafa á valdi sínu óumræðilegan mátt. Munurinn á manni og guði er geypilegur, þótt skylt sé eðli þeirra. Maðurinn er á útjaðri guðdómsins. Fjöldi lífstefnumannkynja, mörg hundruð, beina krafti til Íslands og vilja stuðla að eflingu þeirrar manntegundar, er það land byggir, til forustu mannkynsins í lífstefnuátt.

Fornmenn höfðu sterk sambönd við Æsi. Þessar verur í annarri vetrarbraut vilja leggja íslensku þjóðinni lið. Ásynjur og Æsir eru ákaflega öflugar verur og fagrar og stórkostlegt magn fylgir þeim og kraftur. Veit ég þetta nú betur en áður. Hef ég skynjað til þeirra og undrast ég þá fegurð og fullkomnun, sem sjá má í heimkynnum þeirra á hnöttum þeirra. Það tel ég stórkostlegt atriði á framfarabraut jarðarbúa að þær æðri verur hafa getað haft áhrif á hugsun jarðarbúa; ekki þó enn svo sem skildi. Stöðugt er verið að reyna að liðsinna frá öðrum hnöttum, er hærra stigi hafa náð. Þetta er mjög vandasamt viðfangsefni, svo sem við er að búast. Þó mun að þessu koma. Sigur mun nást yfir því illa og menn munu komast á framfarabraut.

Ég ætla að láta í ljós þakklæti mitt og vonast eftir að geta lagt ykkur lið, og þakka góð kynni. Væntanlega get ég komið fram aftur seinna hjá ykkur. Kveð ég í kvöld með ósk um gott gengi. Verið sæl.

Ingvar Agnarsson
ritaði jafnóðum og talaðist.

ASTROBIOLOGY

— ný bók eftir Þorstein Guðjónsson

Bókin er 208 bls. að stærð myndskreytt og bundin í pappírskilju-hefti.

Bókin skiptist í 18 kafla, sem skipað er í sex aðaldeildir og eru fyrirsagnir þeirra þessar:

1. Pioneers (frumherjar)
2. Dreams (draumar)
3. Bioradiation (lífgeislun)
4. Life After Death (líf eftir dauðann)
5. Biodynamics (lífafllfræði)
6. Retrospect and Prospect (litazt um í fortíð og framtíð).

ASTROBIOLOGY er almenn kynning íslenzkrar heimsfræði á hinu víðlesnasta erlendu máli.

ASTROBIOLOGY skapar fræðum Nýals tengsl við ýmsa hina merkustu þætti í vísindaframvindu samtíðarinnar.

VERÐ KR. 1900.

LÍFGEISLAÚTGÁFAN
Pósthólf 722, Reykjavík.

Bókin fæst í bókabúðum og hjá FÉLAGI NÝALSSINNA í Stjörnusambandsstöðinni, Álfhólsvegi 121, Kópavogi. Sími 40765. (Pósthólf 1159, Reykjavík).

Lífgeislar

Útgefandi: Félag Nýalssinna.

Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765. Pósthólf 1159, Reykjavík.

Ritstjóri: Ingvar Agnarsson.

EFNISYFIRLIT

ERINDI OG GREINAR:

Vetrarbrautahvirfing í hári Bereníku (Sjá forsíðu-mynd) I.A.	Bls.	146
Íslenskt stjörnusamband um 1600 P.G.	—	147
Frá Jarðarmönnum P.G.	—	151
Um fórnardýr vísindanna Ó.H.	—	157
Stjörnulíffræði P.G.	—	164

LJÓÐ:

Stjarnan G.Th.	—	165
---------------------	---	-----

DRAUMAR:

Draumur um sérkennilegt fjall. — I.A.	—	166
Draumur um fagurt hús. — I.A.	—	168
Draumur um einkennilegt útlit fólks á öðrum hnetti. — I.A.	—	169

SAMBANDSFUNDIR:

Miðilsfundur 26. júní, 1976, á Akureyri	—	170
Helgi Pjeturss. — Bjarni Thorarensen. — E.G. — N.N.		
Miðilsfundur föstudaginn 1. október 1976	—	175
Sigurður Ólafsson.		

MYR:

Spakmæli og snilliorð P.J.	—	156
Spekiorð frá ýmsum tímum	—	174

ASTROBIOLOGY, ný bók eftir P.G.	—	179
--------------------------------------	---	-----

Leiðréttingar við fyrri hefti	—	169
------------------------------------	---	-----